

Fundargerð 7. fundar stýrihóps um tjáningar- og upplýsingafrelsi, dags. 12. ágúst 2015

Mættir fundarmenn:

Hörður Helgi Helgason (formaður) (HHH)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Páll Þórhallsson (PÞ)

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir (ÞKG)

Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður) (EP)

Fundargerð:

1) Vernd afhjúpenda

AÁ taldi rétt að gera roadmap um hvernig hópurinn sér fyrir sér framkvæmdina, a.m.k. hvernig þessu verður lýst í lögum. Lagði til að þetta yrði sett fyrir 9. fund.

2) Samskiptavernd og vernd milliliða

AÁ sagðist ætla að skoða lögbannslögin og setja inn fyrir 1. september nk. samantekt um kælingaráhrif sem leiða af ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

AÁ sagði frumvarpsdrög um gagnageymd nánast tilbúin. Hún sagðist ætla að ráðfæra sig við HHH að fundi loknum.

3) Málskostnaður í málum er varða tjáningarfrelsi

PÞ segist ætla að athuga hvort Baldur Karl vilji afhenta stýrihóp ritgerð. Hann kvaðst myndu slá á þráðinn til hans í vikunni.

4) Meiðyrðamálaflakk

AÁ sagði þetta vera lítið vandamál lengur. EÝG tók undir, þ.e.a.s. ef við förum ekki inn í ESB. EÝG sagðist ætla að skoða þetta fyrir 1. september 2015.

5) Rafræn staðfesta

HHH sagði okkur frá framgangi starfshóps um hagnýtingu internetsins. Vel gengur að vinna þessu verkefni fylgi þar. Óljóst hvenær næsti fundur þess stýrihóps er. Einnig óljóst hvernig starfi þess hóps verður háttað.

6) 233. gr. a alm. hgl.

ÞKG greindi frá því að hún hefði sent þetta til skrifstofustjóra í IRR og þaðan hefði það verið áframsent til refsiréttarnefndar.

ÞP velti fyrir sér hvort það ætti að taka ærumeiðingar samhliða þessu. Ekki var tekin sérstök afstaða til þess.

7) Afnáam refinga vegna ærumeiðinga¹

Farið var yfir tölvupóst sem ÞP sendi til stýrihópsmanna 11. ágúst sl.

ÞP greindi frá því að hann hafi rennt yfir gildandi refsíákvæði vegna ærumeiðinga í alm. hgl. og gert athugasemdir við þau. Hann telur að það þurfi að endurorða umrædd lagaákvæði hvort sem þau verði áfram í alm. hgl. eða komið fyrir í öðrum lagabálki.

Um 234 gr. alm. hgl.:

ÞP greindi frá þeirri skoðun sinni að það þyrfti að lágmarki að fella út fangelsisrefsingu við móðgunum en hann sagðist þó telja rétt að ganga svo langt að afnema þetta ákvæði alfarið úr lögum. HHH spurði hvort þetta ákvæði sé ekki fallið niður fyrir notkunarleysi. ÞP svaraði því til að það sé athugandi hvort svo sé.

Um 235. gr.:

Aðalákvæðið í kaflanum að sögn ÞP. Hér fellur t.d. undir að kalla annan mann fyllibyttu eða spilltan einstakling, þ.e. ummæli sem mögulega er hægt að færa sönnur á.

Að mati ÞP er að lágmarki rétt að fella brott fangelsisrefsinguna. Hann greindi frá breytingum hjá Bretum. Hann nefndi að ákvæðið er ófullkomið, t.d. vantar inn að sannleikurinn sé málsvörn og hvort það skipti máli að blaðamaður sé í góðri trú o.fl. Svo ræddi hann um gildisdómana, þ.e. þar sem ályktun er dregin af staðreyndum og fleira sem þessu tengist. Má þar nefna útbreiðslu ummæla, þ.e. hvort að sá sem hefur eitthvað eftir einhverjum eigi að njóta meiri verndar en sá sem segir hlutinn í fyrsta skipti.

Um 236 gr.:

Ákvæðið þýðir að það sé samt sem áður refsivert að segja eitthvað í góðri trú.

¹ Ákveðið var að taka þennan þátt fyrir með ítarlegri hætti á næsta fundi stýrihópsins, sem haldinn verður 1. september nk.

PÞ vísaði til Einars Arnórssonar sem sagði á sínum tíma að það að bera fyrir sig góða trú sé yfirleitt fyrirsláttur. Þessi ummæli Einars Arnórssonar lýsa kannski ríkjandi viðhorfi á þeim tíma.

PÞ veltir fyrir sér hvort þetta ákvæði megi þó ekki standa áfram sem grunnregla, þannig að það sé áfram ámælisvert að segja eitthvað í slæmri trú.

AÁ spurði hvort að sakarregla skaðabótaréttar nái ekki yfir þetta en PÞ svaraði því til að hann vissi ekki til þess að það hafi verið reynt annars staðar. PÞ sagði enn fremur að varðandi sönnunarbyrðina að þá sé það t.d. svo í Belgíu að sá sem verður fyrir umælunum ber sönnunarbyrðina. Fá ríki sem hafa gengið eins langt og Belgar.

Um 237 gr.:

PÞ sagðist ekki vera viss um að það þurfi að fara út í breytingar á þessu ákvæði. Ákvæðið á við þegar það er verið að rifja eitthvað upp af tilefnislausu, t.d. eins og „þú sem fórst í meðferð sem unglingur, hvað ertu að ræða um þetta“.

Um 241. gr.:

PÞ greindi frá því að það eru óljós skil hvað er óviðurkvæmilegt og hvað ekki, enda óljóst hugtak. Í Danmörku eru það aðeins ósannaðar staðreyndir sem má ómerkja.

Kaflinn í heild:²

PÞ og EÝG sammála um að það væri of langt gengið að fella þessi ákvæði alfarið út úr alm. hgl. Miklu nær að þeirra mati að nútímavæða ákvæðin, sbr. tillögur PÞ.

8) Fundi slitið

² Ákvæðið var að þessi umræða verði tekin upp á fundi stýrihópsins 1. september nk.